

Sameiginlegur stjórnarfundur SK, SN og þjálfara K-húsinu, 6.3.2008 kl. 19:45

Mættir:

SK: Sigurbjörg, Guðmundur, Guðrún, Lilja, Þórhildur, Falur, Þórhildur gat ekki mætt og Júlli þurfti að fara að vinna.

SN: Kristín, Guðný, Edda og Helga

Þjálfarar: Steindór og Eddi

1.mál Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar, vistuð á heimasíðu SK, rætt og samþykkt.

2. mál Sparisjóðsmót 2008

Drög að Sparisjóðsmóti samþykkt með fyrirvara, Guðmundi og Steindóri falið að fínisera.

Ákveðið að verðlaunaafhending fari fram á meðan lengri sund standa yfir, líkt og í fyrra.

Boðsund eldri sundmanna á föstudegi.

Vantar enn fólk í fjölmiðla- og skemmtinefnd.

Sigga tekur við skráningum.

3.mál Styrkur vegna verkefna erlendis

SN tilkynnt að SK muni styrkja sundmenn um 20% vegna verkefna erlendis. SN býst við að hafa sama hátt á.

4.mál Spkef og Bikar fjáröflun

Stjórnir einhuga um að hluti af nettótekjum á Spkef og Bikar renni til sundmanna. Stjórnir munu ákveða síðar hvert hlutfallið verður.

5.mál IM50

Farið yfir dagskrá mótsins. Vantar fararstjóra og fólk til að elda ofan í sundmenn. Skýrist nánar á foreldra fundi eftir þennan fund.

Stjórnir samþykkja tillögu þjálfara að þeir sundmenn sem ekki eru með 90% mætingu fram að IM50 fái ekki að keppa á IM50.

6.mál Önnur mál

Hvatagreiðslur frá Reykjanesbæ taka gildi í haust hjá SK og SN, nema foreldrar óski eftir öðru.

Páskamót verður haldið í Vatnaveröld fyrir yngri sundmenn, páskaegg handa öllum í stað þátttökupenings.

Fundi slitið kl.20:30

Fleira ekki rætt.

Næsti boðaður sérstaklega.

Ritari: Guðbjörg Lilja Jónsdóttir.